

**120** Samkvæmt ofanskráðu er það ljóst, að sjálfur hefir styrkþeginn engar  
 19. des. ráðstafanir gert til þess að afla sér lögheimilis í Reykjavík. Hann hefir ekki haft fast aðsetur þar og foreldrar hans voru búsettir í Hafnarfirði, en hjá þeim hafði hann talið lögheimili sitt undanfarin ár. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að Ólafur Sigurðsson hafi ekki átt lögheimili í Reykjavík á þeim tíma þegar meðlagsgreiðslan fór fram og verður því, með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. framfærslulaganna nr. 135, 1935, að skylda Keflavíkurhrepp, þar sem styrkþeginn dvaldi 26. febrúar 1936, að endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur meðlagsupphæðina.

Því úrskurðast:

Keflavíkurhreppur skal endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur meðlag með óskilgetnu barni Ólafs Sigurðssonar fyrir tímabilið 9. ágúst 1935 til 9. ágúst 1936 að upphæð kr. 480.00.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til birtingar fyrir hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

**121**

17. sept.

## REGLUGERÐ

fyrir vinnumiðlunarskrifstofur.

Samkvæmt lögum nr. 4, 9. janúar 1935, um vinnumiðlun, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

### 1. gr.

Allar vinnumiðlunarskrifstofur í landinu skulu vinna í sameiningu og samráði að verkefnum sínum, og skal vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík hafa yfirumsjón með samstarfi þeirra.

Allar vinnumiðlunarskrifstofur utan Reykjavíkur skulu senda vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á mánuði skýrslur um atvinnuleysi og atvinnuhorfur, ásamt tillögum um atvinnubætur í sínu umdæmi. Vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík vinnur úr skýrslum þeim, er henni berast og sendir atvinnumálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs yfirlit yfir atvinnuleysi og atvinnuhorfur á þeim stöðum er vinnumiðlunarskrifstofur starfa, ásamt tillögum um hvað gera skuli til atvinnubóta á hverjum stað.

### 2. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu safna nákvæmum skýrslum um alla vinnu í þeim kaupstöðum sem þær starfa í. Skulu þær fá eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði afrit af greiðslum atvinnurekenda til daglaunamanna og kvenna. Skal skýrt tekið fram nafn, heimili og upphæð sú, sem greidd hefir verið hverjum einstökum manni eða konu, þannig að skrifstofurnar geti á hverjum tíma vitað

hve mikla daglaunavinnu hver maður eða kona hafa fengið, og skulu þær leggja það til grundvallar við úthlutun vinnunnar.

121

17. sept.

## 3. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur, sem starfa á þeim stöðum þar sem atvinna er mjög háð árstíðum (Síglufirði, Vestmannaeyjum), skulu í tæka tíð tilkynna öðrum vinnumiðlunarskrifstofum hve margt aðkomufólk muni geta vænt að fá þar vinnu, og skulu skrifstofurnar vinna að því eftir föngum, að hæfilega margt fólk leiti þar eftir atvinnu og að það komi frá þeim stöðum, þar sem mest er atvinnuþörf.

## 4. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofurnar skulu halda eftirtaldar bækur:

1. Spjaldskrá með upplýsingum um atvinnugrein, ómagafjölda og heimili allra atvinnulausra manna er leita aðstoðar skrifstofunnar.
2. Bók yfir alla atvinnulausa menn, er mæta við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar eða á skrifstofunni.

Í hana skal færa að minnsta kosti á hverjum ársfjórðungi nákvæmar upplýsingar um eignir, atvinnu, ómagafjölda og aðra afkomu mannsins, svo fljótlega sé hægt að fá glögg yfirlit yfir möguleika hans til sjálfsbjargar.

3. Bók, sem í er færð daglega tala og atvinnugrein þeirra manna, er mæta á skrifstofunni í atvinnuleit.
4. Bók, sem í eru færðar allar ráðningar í vinnu, sem fram hafa farið að tilhlutun skrifstofunnar, ennfremur nöfn vinnukaupanda og vinnuseljanda og aðrar upplýsingar um hvar vinnan sé, til hve langs tíma og fyrir hvaða kaup.

## 5. gr.

Framkvæmdastjóri hvernar vinnumiðlunarskrifstofu annast fjárreiður hennar undir eftirliti stjórnar skrifstofunnar.

Skal hann í lok hvers mánaðar gera sundurliðaðan reikning yfir rekstur skrifstofunnar undanfarinn mánuð og senda hann hlutaðeigandi bæjarstjórn og atvinnuáráðuneytinu.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi bæjarfélags.

## 6. gr.

Stjórn hvernar vinnumiðlunarskrifstofu skal halda fund að minnsta kosti einu sinni á mánuði og taka þá til athugunar skýrslur skrifstofunnar um atvinnuleysi og atvinnuhörfur og reikninga skrifstofunnar. Að öðru leyti boðar formaður stjórnina á fund svo oft sem honum þykir þurfa eða ef 2 úr stjórninni óska þess eða framkvæmdastjóri fer þess á leit.

Laun stjórnarinnar greiðast af rekstursfé skrifstofunnar.

121 Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum  
17. sept. þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

122  
30. okt.

## AUGLÝSING

um það, hvernig hestöfl vélar skuli ákveðin.

Samkvæmt j-lið 2. gr. l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Með hestaflí skipsvélar er átt við orku þá, sem aðalvél skipsins gefur, til þess að knýja skipið áfram, miðað við fjögurra klst. siglingu á því fullfermdu. Hestöfl skulu reiknuð eftir neðanskráðri reglu:

$$H \ddot{O} = \frac{\sqrt[3]{P} (P^2 \cdot \sqrt[3]{S \cdot a \cdot n + b \cdot H})}{c}$$

P- ketilþrýstingurinn í kg á hvern fersentímetra.

þ- þvermál lágþrýstistrokks í sentímetrum.

S- bulluslagið í sentímetrum.

n- tala jafnstórra lágþrýstistrokka.

H- hitaflötur ketilsins í fermetrum.

Sn- snúningshraðinn á mínútu.

Þegar S x Sn. er minna en 2,5 er a 1,00

3300	-	-	-	3,0	-	-	1,10
	-	-	-	3,5	-	-	1,25
	-	-	-	4,0	-	-	1,40
	-	-	-	4,5	-	-	1,55

Stuðlarnir b og c fara eftir bulluslaginu.

Þegar S er minna en 20 cm, er b 265 c 340

—	—	—	—	40	—	—	270	—	345
—	—	—	—	60	—	—	275	—	355
—	—	—	—	80	—	—	280	—	365
—	—	—	—	100	—	—	285	—	375
—	—	—	—	120	—	—	290	—	385
—	—	—	—	140	—	—	295	—	395